

## **Sveitarfélagið Ölfus, auglýsing á breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu - Hverahlíðarvirkjun.**


Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum 27. mars 2014 að heimila auglýsingu að tillögu á 2. breytingu á deiliskipulagi ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu fyrir Hverahlíðarvirkjun, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Erindi er frá Orku náttúrunnar um aðra breytingu á deiliskipulagi sem upphaflega var samþykkt 29. mars 2007 og öðlaðist gildi 15. nóvember 2007. Gildandi deiliskipulag var samþykkt 26. mars 2009 og öðlaðist gildi 20. apríl 2009. Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Ekki verður farið í sérstakar rannsóknir vegna umhverfismats heldur stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis og upplýsinga sem fram komu í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir Hverahlíðarvirkjun sem unnin var af VSÓ Ráðgjöf 2008, fyrir allt að 90 MWe jarðvarmavirkjun.

Breytingin nær til 12 liða sem koma fram á uppdrætti og í greinargerð. Fyrir utan þessar breytingar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 20. apríl 2009.

Deiliskipulagsgögn hafa verið kynnt á opnum fundi og einnig til lögboðinna umsagnaraðila.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss, 2010-2022.



## **Sveitarfélagið Ölfus, auglýsing á breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu - Hellisheiðarvirkjun.**

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum 27. mars 2014 að heimila auglýsingu að tillögu á 8. breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu fyrir virkjun á Hellisheiði ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Erindi frá Orku náttúrunnar er um 8. breytingu á deiliskipulagi sem upphaflega var samþykkt 26. apríl 2004. Gildandi deiliskipulag var samþykkt 28. október 2010 og öðlaðist gildi 20. desember 2010. Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Ekki verður farið í sérstakar rannsóknir vegna umhverfismats, heldur stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis og upplýsinga sem fram komu í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir virkjun á Hellisheiði, skýrslu frá 2003 um 120MW rafstöð og allt að 400 MW varmastöð, frá 2005 um staðkun Hellisheiðarvirkjunar, frá 2008 um færslu á vélum 5 og 6 og frá 2008 um breytingu á niðurrennslissvæðum Hellisheiðarvirkjunar.

Fram kemur í umhverfisskýrslu, liður 2.7.3; "að nýting jarðhita frá Hverahlíð í Hellisheiðarvirkjun eykur ekki magn affallsvatns sem losað verður í niðurrennslisholur. Framkvæmdin leiðir því ekki til breytinga á umhverfisáhrifum af völdum niðurrennslis við Hellisheiðarvirkjun". Fram kemur í kafla 2.7.4 í umhverfisskýrslunni að; "loftgæðamælingar sýna að styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti hefur aukist á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar frá gangsetningu virkjunarnar. Framkvæmdaraðili vaktar útblástur frá virkjuninni og vinnur að því að finna lausn á hreinsun brennisteinsvetnis úr útblæstri hennar. Nýting jarðhita í Hverahlíð eykur ekki útstremi jarðhitalofttegunda frá Hellisheiðarvirkjun. Breytingin felur í sér að gufu fyrir Hellisheiðarvirkjun verður aflað á stærra svæði en áformáð var. Fyrirhugaðar lagnir eru taldar hafa óveruleg áhrif á umhverfispáttinn loft".

Breytingin nær til 29 liða sem koma fram á uppdrætti og í greinargerð. Fyrir utan þessar breytingar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 20. desember 2010.

Deiliskipulagsgögn hafa verið kynnt á opnum fundi og einnig til lögboðinna umsagnaraðila.

Deiliskipulagsgögn hafa verið lagfærð eftir ábendingar frá Vegagerðinni um veggengingu við Gígahnúkaveg. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss, 2010-2022.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingum ásamt umhverfisskýrslum liggur frammi til kynningar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma frá 9-12 og 13-16. Tillagan verður einnig á heimasíðu Ölfuss. Tillagan er til kynningar frá 5. apríl 2014 til 17. maí 2014. Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 17. maí 2014 til Sveitarfélagsins Ölfuss, b.t. skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.